

Vettvangsheimsóknir í tengslum við könnun á gæðum og umfangi á störfum náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum

22.1.2019 10:48:56

Höfundur: Margrét Harðardóttir

Tilvísun í mál: MMR17090187

Til tiltekinna sveitarstjórna, skólaskrifstofa og grunnskóla

Í fjármálaáætlun ríkisins fyrir tímabilið 2018-2022 er sett fram markmið um að skoða gæði og umfang náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum. Réttur nemenda í grunnskólum til að njóta náms- og starfsráðgjafar er bundinn í lögum nr. 91/2008 um grunnskóla. Lögin segja hins vegar ekki fyrir um í hverju sú þjónusta skuli vera fólgin eða hversu aðgengileg og umfangsmikil þjónustan skuli vera.

Til að skoða stöðuna í dag, 10 árum eftir gildistöku laga um grunnskóla, ákvað mennta- og menningarmálaráðuneytið að láta kortleggja eðli- og umfang þjónustu náms- og starfsráðgjafar á grunnskólastigi. Könnunin er tvíþætt. Annars vegar var rafræn könnun gerð meðal skólastjóra í nóvember 2018 og hins vegar til þess að fá betri mynd af eðli starfs náms- og starfsráðgjafa, hvað sé gott og hvað megi bæta, verður farið í vettvangsheimsóknir í fimm grunnskóla. Þrjú skólanna eru á höfuðborgarsvæðinu og tveir á landsbyggðinni. Skólarnir eru misstórir, nokkrir hafa starfandi löggildan náms- og starfsráðgjafa en aðrir ekki. Skólarnir eru Austurbæjarskóli og Seljaskóli í Reykjavík, Myllubakkaskóli í Reykjanesbæ, *Síðuskóli á Akureyri* og Fellaskóli í Fellabæ.

Í vettvangsheimsóknum verður farið dýpra í störf náms- og starfsráðgjafa með það fyrir sjónum að athuga hvers konar ráðgjöf og stuðning þeir veita í raun. Rætt verður við skólastjórnendur, starfandi náms- og starfsráðgjafa, rýnihóp foreldra, rýnihóp nemenda á unglingsstigi sem notað hafa þjónustuna og forstöðumenn skólaskrifstofa.

Vettvangskannanir eiga að fara fram í febrúar 2019 og niðurstöður skulu liggja fyrir í skýrslu í lok apríl 2019.

Ráðuneytið hefur ráðið Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri til að annast bæði könnunina og vettvangsheimsóknirnar og væntir góðrar samvinnu allra aðila við þá skóla sem valdir voru í vettvangskönnunina. Rannsóknamiðstöðin mun hafa samband við viðkomandi skóla og forstöðumenn skólaskrifstofa þegar nær dregur til að ákveða tímasetningar og fyrirkomulag vettvangsheimsóknanna.

Með bestu kveðju,
Margrét Harðardóttir

Margrét Harðardóttir, sérfræðingur / Senior Adviser

Mennta- og menningarmálaráðuneytið / Ministry of Education, Science and Culture / Undervisnings-, forsknings- og Sölvhólgötu 4, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (354) 545 9500

<http://www.menntamalaraduneyti.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)